

23. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

4. maí 2022 kl. 15.00

FUNDARSTAÐUR: UNDRALAND

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sóttu fundinn Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri, Edda Margrét S. Arndal, fulltrúi foreldraráðs, Brynja S. Pálsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Sigríður Steinunn, fulltrúi foreldra.

DAGSKRÁ:

1. Skóladagatal Undralands 2022 - 2023

Formaður bauð fundarfólk velkominn á fundinn og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrá.

1. Skóladagatal Undralands 2022 - 2023

Formaður fór yfir málið. Sbr. umræður á síðasta fundi er ljóst að 5 orlofsdagar, sem ekki eru innan orlofsdaga leikskólans, ganga af þegar skólastarf hefst að nýju á haustin. Rætt hefur verið um hvernig sé best að ráðstafa þessum dögum inn á skóladagatali leikskólans.

Fyrir liggur afstaða/ályktun frá foreldraráði Undralands og er hún í meginatriðum þannig að ráðið leggst gegn því að allir þessir orlofsdagar verði settir inn á dagatalið, það sé of stórt skref. Hvað varðar skóladagatalið að öðru leyti lýsir ráðið yfir ánægju sinni með samræmingu á starfsdögum leikskólans og grunnskólans.

Leikskólastjóri lagði fram drög að dagatali með orlofsdögum.

Málið rætt. Ljóst er að í náinni framtíð er stefnt að því markmiði að dagatöl beggja skólastiga verði samræmd eins og kostur er. Fyrir liggur að sjónarmið foreldra og starfsfólks til skóladagatalsins eru að nokkru leyti ólík og því þarf að finna lendingu sem flestir geta vonandi geta sæst á.

Í ljósi þessa samþykkir skólanefnd að gera eftirfarandi breytingu á dagatalinu:

13. og 14. febrúar verði settir inn sem vetrarfrí til samræmis við grunnskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00. Næsti fundur ákveðinn síðar.

Þar sem þessi fundur er síðasti fundur skólanefndar á þessu kjörtímabili vill nefndin þakka fyrir gott og málefnalegt samstarf og óskar bæði leik- og grunnskóla farsældar í sínum störfum. Nefndin þakkar starfsfólki skólanna sérstaklega fyrir mjög gott starf á þeim tímum sem Covid-19 faraldurinn stóð yfir.

Hrunamannahreppur

Elsa Andar Brynja Schwarz
Sigríður Steinunn